

Katrín Halldórsdóttir

Rannsóknarverkefni

Djúpgreining á alvarlegum slysum á börnum í umferðinni

Slys sem urðu 2008-2017

Verkefni styrkt af rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar

September 2018


Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Niðurstöður	3
3. Samantekt	4
3.1 Slys sem urðu árið 2008	4
3.2 Slys sem urðu árið 2009	4
3.3 Slys sem urðu árið 2010	5
3.4 Slys sem urðu árið 2011	5
3.5 Slys sem urðu árið 2012	6
3.6 Slys sem urðu árið 2013	6
3.7 Slys sem urðu árið 2014	6
3.8 Slys sem urðu árið 2015	7
3.9 Slys sem urðu árið 2016	8
3.10 Slys sem urðu árið 2017	8
Niðurstöður	9

1. Inngangur

Á tímabilinu 2011-2015 létust að meðaltali 1,2 börn á ári og að meðaltali slösuðust 16 börn alvarlega á ári í umferðinni á Íslandi.¹ Í skýrslu IRTAD, Road Safety Annual Report 2015, er hlutfall látinna barna, 0-14 ára, í umferðinni á Íslandi af heildarfjölda látinna í umferðinni, það hæsta í Evrópu fyrir tímabilið 2011-2013², sjá mynd 1. Fámenni þjóðarinnar getur gefið skakka mynd af hlutfallinu en engu að síður gefa þessar niðurstöður ástæðu til þess að rannsaka slys á þessum vegfarandahóp betur.

Figure 1.9. Proportion of children 0-14 years in all road fatalities in IRTAD countries (average rates)



Mynd 1: Hlutfall látinna barna, 0-14 ára í umferðinni, skipt eftir löndum í Evrópu.

Í þessu verkefni var áætlað að fara í ítarlega greiningu á alvarlegum slysum á börnum sem urðu í umferðinni á fimm ára tímabili, 2013-2017. Ætlunin var að skoða sérstaklega aldurshópin 7-14 ára, með það að markmiði að greina helstu hættur þessara vegfarenda í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi barna í umferðinni.

Gagnaöflun fyrir rannsóknarverkefnið gekk erfiðlega og skilaði fáum slysum, þrátt fyrir að skoðunartímabilið hefði verið lengt og aldurshópur slasaðra stækkaður. Ekki var því unnt að fara í þá rannsóknarvinnu sem lagt var upp með í byrjun. Þessi skýrsla er því í styttra lagi og samanstendur af samantekt af þeim slysum sem unnt var að skoða gögn um.

Slysaögn sem eru notuð í verkefninu eru byggð á grunnögnum sem Vegagerðin hefur fengið frá Samgöngustofu en Samgöngustofa byggir sína slysaögn á lögregluskýrslum og gögnum frá fyrirtækinu Aðstoð og öryggi.

Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar og niðurstöður ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu eða álit Vegagerðarinnar. Hér á eftir eru, eins og áður segir, eingöngu til skoðunar slys sem eru í gagnagrunni Samgöngustofu.

¹Sjá:


[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/framkv_umferdaroryggisaaetlunar_2015/\\$file/Framkvaemdaskýrsla_Umferdaroryggisaaetlunar_2015.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/framkv_umferdaroryggisaaetlunar_2015/$file/Framkvaemdaskýrsla_Umferdaroryggisaaetlunar_2015.pdf)

² Sjá: https://read.oecd-ilibrary.org/transport/road-safety-annual-report-2015_irtad-2015-en#page25

2. Niðurstöður

Gagnaöflun fyrir rannsóknarverkefnið gekk erfiðlega og skilaði fáum slysum og því var ákveðið að lengja skoðunartímabilið úr 5 ára tímabili, frá 2013-2017, í 10 ára tímabil, frá 2008-2017. Einnig var aldurstímabilið lengt, úr 7-14 ára í 0-14 ára. Þrátt fyrir breytt skilyrði þá fengust einungis niðurstöður fyrir 28 slys þar sem barn slasaðist alvarlega eða lést í umferðinni.

Þegar ársskýrslur slysaskráningar, sem Samgöngustofa gefur út³, eru skoðaðar kemur í ljós að fyrir tímabilið 2008-2017 slasaðist alvarlega eða lést að meðaltali 24,5 einstaklingur á ári, á aldursbilinu 0-16 ára. Mynd 2 sýnir þróun á fjölda alvarlegra slasaðra og látinna á aldrinum 0-16 ára í umferðinni fyrir tímabilið 2008-2017.



Mynd 2: Þróun á fjölda alvarlegra slasaðra og látinna einstaklinga á aldrinum 0-16 ára í umferðinni á tímabilinu 2008-2017.

Fjöldi látinna 0-16 ára aukist töluvert á tímabilinu, úr 2 frá tímabilinu 2008-2012 í 10 á tímabilinu 2013-2017. Þegar meðalfjöldi alvarlegra slasaðra og látinna einstaklinga er skoðaður fyrir fimm ára tímabil, 2008 - 2012, og 2013-2017, kemur í ljós að meðalfjöldi alvarlegra slasaðra og látinna einstaklinga á aldrinum 0-16 ára er 23,4 á fyrra tímabilinu en 25,6 á seinna tímabilinu.

³ <https://www.samgongustofa.is/umferd/tolfraedi/slysatolur/arsskyrslur-slysaskraningar/>

3. Samantekt

Eins og fram hefur komið þá gekk gagnaöflunin erfiðlega. Vitað er að mun fleiri alvarleg slys hafa orðið á börnum í umferðinni heldur en niðurstöður gagnaöflunarinnar í þessu verkefni gefa til kynna. Ákveðið var að fara ekki í nákvæma heildstæða greiningu á þeim slysum sem gögn fengust um, heldur er hvert og eitt slys skoðað út af fyrir sig. Eftirfarandi eru niðurstöður úr þeirri vinnu sem felast í samantekt á þeim slysum sem hægt var að greina til hlítar. Bent er á að mismiklar upplýsingar eru aðgengilegar um hvert og eitt slys og nákvæmni greiningar á hverju slysi fyrir sig ræðst af því.

3.1 Slys sem urðu árið 2008

- *Slysið varð í júní, fyrri part dags.*
 - Barn hjólaði norður götu, niður brekku að gatnamótum, og tók ekki eftir bifreið sem var ekið af hliðargötu, í vesturátt. Barnið var á töluverðri ferð og þegar það sá bílinn snögghemlaði það og féll í götuna, hjólið rann áfram utan í bifreiðina. Einstefna var á hliðargötunni sem bifreiðinni var ekið eftir og biðskylda. Á þessum stað byrgir trjágróður sýn ökumanna, sem aka vestur hliðargötuna, til norðurs. Þegar ökumaðurinn sá hjólandi vegfarandann nam hann staðar. Barnið var ekki með hjálm.
 - **Atriði:** Vegsýn.
- *Slysið varð í október um dag.*
 - Þrjár stúlkur voru í strætóskýli að bíða eftir strætisvagni. Ekkert strætóskýli var við stoppustöðina þar sem þær ætluðu að taka vagninn og ákváðu þær því að bíða hinum megin götunnar, í skýlinu þar. Þegar ein stúlkanna sá strætisvagninn nálgast, hljóp hún út á götuna og gleymdi að gá að sér og varð fyrir bifreið sem ók úr gagnstæðri átt miðað við strætisvagninn.
 - **Atriði:** Aðbúnaður.

3.2 Slys sem urðu árið 2009

- *Slysið varð í maí, síðdegis.*
 - Stúlka fór suður eftir göngustíg, á hlaupahjóli, sem lá frá leikvelli að vegi með þverun yfir hraðahindrun. Göngustígurinn endar við hraðahindrunina og engin gangstétt er til hliðar við götuna fyrr en komið er yfir hraðahindrunina. Bifreið var ekið í vesturátt, yfir fyrrgreinda hraðahindrun. Stúlkan lenti á afturhluta bifreiðarinnar. Göngustígurinn er ekki sýnilegur þegar ekið er vestur vegna steypis veggjar meðfram göngustígnum ásamt háum runnagróðri. Veggurinn með runnanum gerir það einnig að verkum að vegfarendur göngustígsins sjá illa umferð úr austri.
 - **Atriði:** Vegsýn. Hönnun og útfærsla.
- *Slysið varð í október, síðdegis*
 - Ökumaður ók bifreið til vesturs. Ökumaðurinn varð var við tvo unga drengi koma hlaupandi í norðurátt, annar drengurinn stöðvaði við götuna en hinn hljóp áfram yfir götuna. Ökumaðurinn hemlaði en náði ekki að forða árekstri. Sá sem

hljóp út á götuna var að líta aftur fyrir sig og kalla á hinn drenginn þegar óhappið varð.

- *Slysið varð í mars um kvöld.*
 - Drengur var á leið heim úr fótbolta og missti fótboltann sinn, þannig að hann rann yfir götu, og hljóp á eftir honum. Bifreið var ekið suður götuna, ökumaðurinn sá boltann koma fyrir framan bifreiðina frá vinstri og barnið í framhaldinu, ökumaðurinn náði ekki að stöðva bifreiðina.
- *Slysið varð í apríl um dag.*
 - Barn hljóp í norðurátt inn á götu á milli kyrrestæðra bifreiða á austurleið og í veg fyrir bifreið sem ók í vestur.
- *Slysið varð í júlí um dag.*
 - Bifreið var ekið í vesturátt með fyrirhugaða beygju í norður inn á afrein. Skyndilega varð ökumaður var við barn sem kom hlaupandi inn á akreinina frá hægri, hemlaði og beygði en náði ekki að stöðva.

3.3 Slys sem urðu árið 2010

- *Slysið varð í janúar, síðdegis.*
 - Ökumaður ók í austurátt og var rétt kominn yfir hraðahindrun þegar hann verður var við þrjú börn sem hlaupa yfir götuna frá vinstri. Þegar ökumaðurinn nálgast voru þau komin á gangstéttina hægra megin en allt í einu tók ökumaðurinn eftir fjórða barninu framundan vinstra horni bílsins. Það barn var á hlaupum yfir götuna til hægri. Ökumanninum brá, beygði til hægri og hemlaði en náði ekki að forða árekstri.
- *Slysið varð í maí, síðdegis.*
 - Drengur ók vespu eftir götu, missti einbeitinguna þegar hann keyrði fram hjá krökkum að spila körfubolta og fór að fylgjast með þeim. Drengurinn náði ekki að beygja frá kanti í tæka tíð, rakst utan í kantinn ásamt umferðarskilti.
- *Slysið varð í maí um kvöld.*
 - Drengur datt þegar hann ók mótorkrosshjóli á gömlum vegslóða. Drengurinn var að æfa sig að aka á afturdekkinu og missti jafnvægið og fór afturfyrir sig. Var í hlífðarfatnaði, með hjálm og brynju.
- *Slysið varð í ágúst síðdegis.*
 - Barn hjólaði niður ramp á bifreiðastæði og hafnaði inn í hlið á bifreið.

3.4 Slys sem urðu árið 2011

- *Slysið varð í maí um kvöld.*
 - Drengur hjólaði á akbraut, var að „hringsólast“. Bifreið var ekið suður akbraut og drengurinn hjólaði þá á vestari akreininni. Þegar drengurinn varð var við bifreiðina ætlaði hann að bremsa en áttaði sig þá á að hann var á bremsulausu hjóli og setti fótinn niður til að stöðva hjólið en lenti þá með fótinn undir afturhjóli bifreiðarinnar. Bifreiðin var á lítilli ferð og ökumaður hennar tók eftir drengnum á vestari akreininni, taldi sig vera kominn framhjá drengnum þegar

allt í einu kom högg á bílinn. Drengurinn var hjálmslaus og hjólið var algjörlega bremsulaust.

- **Atriði:** Búnaður reiðhjólsins.

3.5 Slys sem urðu árið 2012

- *Slysið varð í ágúst, síðdegis.*
 - Bifreið var ekið götu til norðurs. Barn þveraði götuna á hjóli til austurs. Ökumaður bifreiðarinnar náði ekki að stöðva. Barnið var með hjálm.

3.6 Slys sem urðu árið 2013

- *Slysið varð í júlí um kvöld.*
 - Stúlka var að prófa rafmagnsvespu hjá vinkonu sinni og ók fram af gangstéttarkanti á bifreiðastæði og féll við það af vespunni. Um var að ræða óskráningarskylda rafmagnsvespu.
- *Slysið varð í apríl, síðdegis.*
 - Stúlka var um borð í strætisvagni. Þegar vagninn stöðvaði skall barnið fram fyrir sig þannig að andlitið fór á hjólaskál. Tvær framtennur brotnuðu. Barnið sat í sæti þegar slysið átti sér stað.
- *Slysið varð í nóvember, síðdegis.*
 - Drengur hjólaði suður eftir götu og ætlaði yfir hana við gangbrautarljós en ræsti ekki gangbrautarljósin. Bifreið ók eftir götunni og á barnið sem þveraði götuna gegn rauðum gönguljósum. Barnið var með hjálm.
- *Slysið varð í október um dag.*
 - Litlar upplýsingar eru aðgengilegar um slysið, en barnið varð líklega undir bifreið sem móðir þess ók, fyrir framan veitingastað þar sem veisla fór fram. Margmenni var á svæðinu.
- *Slysið varð í nóvember um dag.*
 - Ökumaður ók norður yfir ljósastýrð gatnamót, of hratt að eigin sögn. Ökumaðurinn var að reyna að ná yfir á gulu ljósi. Drengur gekk rakleitt út á götuna gegn rauðu gangbrautarljósi, norðan við gatnamótin. Ökumaður bifreiðarinnar sá ekki drenginn fyrir en of seint, snögghemlaði en náði ekki að stöðva.
- *Slysið varð í maí um kvöld.*
 - Litlar upplýsingar eru aðgengilegar um slysið aðrar en þær að drengur slasaðist þegar hann var að keppa á mótorkross hjóli.

3.7 Slys sem urðu árið 2014

- *Slysið varð í febrúar um dag.*
 - Bifreið var ekið austur götu í átt að hringtorgi í þéttri bílaumferð sem var í báðar áttir. Gegnt veitingarstað hljóp stúlka suður yfir götuna, aftan við sendibifreið

sem var á leið vestur götuna og skyggði á sýn ökumannsins sem ók austur. Ökumaðurinn náði ekki að stöðva bifreiðina og ók á stúlkuna.

- **Atriði:** Vegsýn, mikil umferð.
- *Slysið varð í júlí um dag.*
 - Ekið á barn á tjaldsvæði. Ökumaður bifreiðar hugðist aka í burtu af tjaldsvæði með fellihýsi í eftirdragi. Áður en ökumaðurinn lagði af stað hafði hann gengið frá fellihýsinu og gengið í kringum bifreiðina og fellihýsið til að athuga hvort óhætt væri að aka af stað. Ökumaðurinn varð ekki var við neinn fyrir en fólk fór að kalla á hann þannig að hann stöðvaði bifreiðina og sá stúlku liggja á grasbalanum þar sem að fellihýsið hafði verið. Ökumaðurinn varð aldrei var við stúlkuna. Samkvæmt vitni hlupu tvær stúlkur að fellihýsinu í þann mund sem ökumaðurinn lagði af stað, ein hljóp aftur fyrir fellihýsi og hin skreið undir það og varð undir því.
 - **Atriði:** Tjaldsvæði – umferð bíla á sama svæði og leikur barna fer fram.
- *Slysið varð í júlí, fyrri part dags.*
 - Bifreið var ekið í norðurátt og drengur skautaði á línuskautum yfir veginn til austurs. Drengirnir voru þrír saman á ferð, einn hafði hjólað á undan yfir götuna og þessi á línuskautunum fylgdi á eftir, sá þriðji var ekki byrjaður að þvera götuna. Ökumaður bifreiðarinnar sá þann fyrri og hugsaði með sér að þarna hefði munað mjóu og í sama mund keyrði ökumaðurinn á drenginn á línuskautunum. Drengurinn var með hjálm.
- *Slysið varð í ágúst um dag.*
 - Bifreið ók til norðurs og stöðvaði við biðskyldu og ökumaðurinn sá dreng hjóla hratt framhjá. Ökumaðurinn horfði til beggja hliða og ók rólega af stað en þá kom skellur á bifreiðina, ökumaðurinn tók ekki eftir öðrum dreng sem hjólaði á eftir hinum. Sá drengur var ekki með hjálm.
- *Slysið varð í nóvember um kvöld.*
 - Þrjú óku saman á vespu á göngustíg og dattu. Voru ekki með hjálm.

3.8 Slysem urðu árið 2015

- *Slysið varð í ágúst um dag.*
 - Drengur hjólaði niður götu sem lá í brekku og hugðist beygja en rann í beygjunni og skall með höfuðið á ljósastaur. Drengurinn var ekki með hjálm og engar bremsur voru á hjólinu.
 - **Atriði:** Búnaður drengsins og hjólsins.
- *Slysið varð í júlí um kvöld.*
 - Drengur hjólaði á töluverðri ferð niður göngustíg að götu og hugðist þvera götuna um gangbraut, var í keppni við bróður sinn. Drengurinn tók ekki eftir bifreið sem ók eftir götunni með pallhýsi í eftirdragi fyrir en of seint. Bifreiðin var komin yfir gangbrautina og pallhýsið hálf leið yfir þegar drengurinn hjólaði á pallhýsið.

3.9 Slys sem urðu árið 2016

- *Slysið varð í maí um dag.*
 - Drengur hjólaði á göngustíg og mætti skólasystur sinni sem greip í handlegg hans og við það féll hann af hjólinu.

3.10 Slys sem urðu árið 2017

- *Slysið varð í nóvember, síðdegis.*
 - Bifreið var ekið í austurátt í götu í íbúðahverfi. Skyndilega hleypur drengur út á götuna og í veg fyrir bifreiðina. Ökumaðurinn reyndi að hemla en rann áfram á drenginn. Drengurinn leit til hægri, en gleymdi að gá að umferð frá vinstri, þeirri átt sem að bifreiðin ók úr.

Niðurstöður

Ekki er unnt að gera grein fyrir niðurstöðum í þessu verkefni þar sem að ekki gekk að ná í nema hluta gagna fyrir þau skilyrði sem lagt var upp með. Engu að síður mátti sjá ýmislegt sem betur mætti fara þegar farið var í gegnum þau slys sem gögn fengust um og uppfylltu skilyrðin. Má þá helst nefna:

- Hönnun byggða umhverfisins
 - Vegsýn. Sjónlengdir og góð vegsýn skiptir máli fyrir alla vegfarendur, sérstaklega á þeim stöðum þar sem leiðir skerast.
- Búnaður
 - Hlífðarbúnaður barna sem fara um á hjóli skiptir máli. Einnig skiptir máli að búnaður hjóla sé í lagi, t.d. bremsur.
- Meðvitund ökumanna bifreiða
 - Ökumenn bifreiða þurfa að vera meðvitaðir um þá umferð sem fer eftir stígum og gangstéttum, sérstaklega þar sem leiðir skerast. Mikilvægt er að ökumenn bifreiða horfi vel í kringum sig, sérstaklega þegar börn eru í umhverfinu.
- Fræðsla
 - Umferðarfræðsla fyrir börn er mikilvæg, ásamt fræðslu til ökumanna.

Nokkuð algengt var að börn væru nokkur saman í hóp þegar umferðarslys varð. Í þó nokkrum tilvikum var hluti barnanna farinn yfir götu þegar árekstur varð á milli bifreiðar og barns. Börn eiga það til að gleyma sér við leik og gæta þá jafnvel ekki nægilega að sér. Þetta atriði þyrfti jafnvel að athuga nánar varðandi fræðslu, fyrir börn jafnt sem ökumenn bifreiða. Búnaður reiðhjóla er einnig áhyggjuefni, tryggja þarf að nauðsynlegur búnaður t.d. bremsur séu í lagi á hjólum barna. Einnig er mikilvægt að huga vel að vegsýn við gatnamót og tengingar, sérstaklega þar sem gönguleiðir þvera götur.